

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 26. september 2001

um niðurfellingu á ákvörðun 97/150/EB um að koma á fót evrópskri ráðgjafarmiðstöð á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar

(tilkynnt með númeri C(2001) 2863)

(2001/704/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin kom á fót evrópskri ráðgjafarmiðstöð á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar með ákvörðun 97/150/EB ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdastjórnin tilnefndi fulltrúa í evrópsku ráðgjafarmiðstöðina á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar með ákvörðun 97/307/EB ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdastjórnin setti fram tillögu að sjöttu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála ⁽³⁾ 24. janúar 2001 og áætlun um sjálfbæra þróun ⁽⁴⁾ 15. maí 2001.
- 4) Í tillögu sinni til leiðtogaáráðsins í Gautaborg um áætlun Evrópusambandsins á sviði sjálfbærrar þróunar skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að koma á umræðufundum um sjálfbæra þróun og gefa skal skýrslu um þá beint til forseta framkvæmdastjórnarinnar.

- 5) Við þessar aðstæður er rétt að evrópsku ráðgjafarmiðstöðinni á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar verði lokað en hún hefur uppfyllt ráðgjafarhlutverk sitt á fullnægjandi hátt á starfstíma sínum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvörðun 97/150/EB falli úr gildi.

2. gr.

Þessi ákvörðun öðlast gildi á þeim degi sem framkvæmdastjórnin samþykkir hana.

Gjört í Brussel 26. september 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 58, 27.2.1997, bls. 48.⁽²⁾ Stjtíð. EB L 131, 23.5.1997, bls. 28.⁽³⁾ Stjtíð. EB C 154, 29.5.2001.⁽⁴⁾ Com(2001) 264, 15.5.2001.